

256. fundur Skólanefndar FS

11. mars 2003



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, Stefanía Ólafsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Runólfur Þ. Sanders og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Samningar um byggingarframkvæmdir.
 2. Ný byggingarnefnd.
 3. Önnur mál.

1. Samningar um byggingarframkvæmdir.

Skólameistari kynnti samning um byggingu viðbyggingar sem undirritaður var á dögnum. Skólameistari kynnti einnig verkáætlun sem unnið hefur verið eftir og næstu skref í ferlinu. Gert er ráð fyrir að verkið hefjist 1. júlí n.k.

2. Ný byggingarnefnd.


Búið er að skipa byggingarnefnd vegan viðbyggingar. Hana skipa Böðvar Jónsson, Guðmundur Björnsson, Hjálmar Árnason, Kristbjörn Albertsson og Sigurður Jónsson. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með skipan nefndarinnar.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari kynnti tölur um fjölda nemenda í skólanum á haustönn 2002 og vorönn 2003 og skiptingu þeirra eftir sveitarfélögum og námsbrautum. Skólameistari ræddi sérstaklega um brottfall milli anna og hlutfall nemenda í árgangi nýnema.
- b) Skólameistari kynnti bréf sem sent verður til stjórnenda grunnskóla á Suðurnesjum þar sem óskað er eftir fundi til að ræða leiðir til að fjölga nemendum af Suðurnesjum sem fara í framhaldsskóla. Skólameistari sagði einnig frá fyrirhugaðri kynningu á skólanum meðal grunnskólakennara á svæðinu.
- c) Skólameistari sagði frá þátttöku skólans í Gettu betur en lið skólans komst í sjónvarpskeppnina í fyrsta skipti í 13 ár. Mikil stemmning myndaðist í skólanum í kringum keppnina og mikil ánægja var með keppnina og frammistöðuna. Bæjaryfirvöld og starfsfólk íþróttahússins við Sunnubraut veittu margvíslega aðstoð við framkvæmd keppinnar og fá bestu þakkir fyrir.

- d) Skólameistari sagði frá stærðfræðikeppni grunnskólanemenda sem haldin var á dögum en metþátttaka var í keppninni að þessu sinni.
- e) Rætt um bílastæðamál. Nefndarmenn lýstu áhyggjum sínum af því ófremdarástandi sem skapast vegna skorts á bílastæðum við skólann. Nefndin beinir því til byggingarnefndar að fundin verði varanleg lausn á málinu í samráði við bæjaryfirvöld í tengslum við byggingu viðbyggingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Byggingarnefnd vegna framkvæmda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja 11/3 2003

Kristbjörn Albertsson - formaður skólanefndar
Guðmundur Björnsson – verkfræðingur, Hitaveitu Suðurnesja
Hjálmar Árnason - alþingismaður
Böðvar Jónsson – formaður stjórnar SSS
Sigurður Jónsson – sveitarstjóri Garði og fulltrúi SSS

Ólafur Jón Arnbjörnsson - skólameistari
Guðjón Guðmundsson – framkvæmdastjóri SSS
Jón Sæmundsson – fjármálastjóri
Kristján Stefánsson – Verkfræðingur

Hluttur sveitarfélaga		199.888.674
	%	Þús kr.
Reykjanesbær	65,43	130.781.470
Grindavík	13,97	27.915.343
Sandgerði	8,36	16.718.136
Garður	7,22	14.423.724
Vogar	5,03	10.050.001
Samtals	100,00	199.888.674

Suðurnesjum 23. febrúar 2003

Njarðvíkurskóli
Gylfi Guðmundsson

Ágæti skólastjóri,

Á fundi skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja í haust var tekin fyrir á fundi fréttatilkynning Hagstofu Íslands um sókn íslenskra ungmenna í framhaldsnám og þá sérstaklega sú staðreynd að þátttaka nemenda á Suðurnesjum er samkvæmt þeim tölum verulega undir meðaltali á landinu. Síðastliðin áratug eða svo höfum við haldið til haga upplýsingum um þessi mál og jafnan vakið athygli ráðuneytis menntamála á þessari staðreynd, þó svo nákvæmar tölur hafi ekki legið fyrir opinberlega fyrr en núna.

Það er okkur verulegt áhyggjuefni að ekki skuli fleiri sjá sér hag í að leita sér framhaldsmenntunar og þá sérstaklega ungir piltar á Suðurnesjum, sem virðast skera sig sérstaklega úr að þessu leiti.

Það er jafnframt mat okkar að ástæða sé til sérstaks átaks til þess að fjölga nemendum í framhaldsnámi og höfum við óskað eftir því við ráðuneyti menntamála að það verði skilgreint sem sérstakt verkefni skólans í skólasamningi.

Það er ljóst að ekki verður sett fram nein einhlít skýring á því hversvegna staða Suðurnesja er sú sem hún er. Sjálfsagt eru margir samverkandi þættir að verki og til þess að bregðast við þurfa því margir aðilar að leggjast á eitt. Rannsóknir sýna þó fyrir vísit að góð almenn menntun foreldra skilar sér inn í starf grunn- og framhaldsskóla þegar til lengri tíma er litið.

Reynsla skólastjórnenda á Suðurnesjum er einn mikilvægasti grunnur að byggja á ef takast á að bregðast við þessari óheilla þróun. Á þeim forsendum sem hér hafa verið upp talðar og með hagsmuni ungs fólks á Suðurnesjum að leiðarljósi viljum við leita til ykkar um samstarf í þessu verkefni og að boða til sérstaks fundar með ykkur til að ræða úrræði og hugsanlegar leiðir til sóknar.

F.h., skólanefndar

Ólafur Jón Arnbjörnsson,
Skólameistari.
Kristbjörn Albertsson,
Formaður

ID	📌	Task Name	2001												2002											
			Oct	Nov	Dec	Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep	Oct	Nov	Dec	Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	
1		UNDIRBÚNINGUR																								
2	📅	Húsrýmisáætlun og kostnaðaráætlun	29.11			31.12																				
3	📅	Viðræðunefnd		1.1				1.3																		
4	📅	Fjármögnun			1.2				1.4																	
5	📅	Útboðsgögn				2.3			1.4																	
6	📅	Útboð					1.4			1.6																
7	📅	Yfirfara tilboð							4.6		1.7															
8	📅	Verksamningur								◆	1.7															
9		VERKFRAMKVÆMD																								
10	📅	Viðbygging									1.7													1.8		
11	📅	Breytingar á eldra húsnæði																		1.5				1.8		
12	📅	Verklök																						◆	1.8	